

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/1999

frá 30. apríl 1999

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/1999 frá 26. mars 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/433/EB frá 26. júní 1998 um samræmdar viðmiðanir fyrir undanþágur samkvæmt 9. gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi á eftir lið 23a (tilskipun ráðsins 96/82/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„23b. **398 D 0433**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/433/EB frá 26. júní 1998 um samræmdar viðmiðanir fyrir undanþágur samkvæmt 9. gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjtið. EB L 192, 8.7.1998, bls. 19).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 192, 8.7.1998, bls. 19.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 98/433/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner